



# Ferðamannalandið Ísland Komið til að vera?

Greiningardeild Arion banka

13. september 2017

 Arion banki



# Efnisyfirlit

---

- Helstu niðurstöður
- Fyrri ferðapjónustuskýrslur
- Ég veit þú kemur (þó við séum dýr)
  - Vægi vaxandi fer
  - Sviðsmynd Greiningardeildar um fjölgun ferðamanna
  - Leikur að tölum: Hvað þýðir grunnsviðsmyndin fyrir íslenska hagkerfið?
  - Ört stækkandi hótelfermarkaður
- Krónan og ferðapjónusta: Stormasamt hjónaband
  - Áhrif ferðapjónustu á krónuna
  - Áhrif krónunnar á ferðapjónustu
  - Rekstur ferðapjónustufyrirtækja í krónuhagkerfi

## Helstu niðurstöður

---

- Jafnvel þó opinberar tölur ofmeti fjölda erlendra ferðamanna breytir það ekki stóru myndinni – ferðamönnum hefur fjölgað gríðarlega og vægi ferðapjónustu í hagkerfinu fer vaxandi. Fleiri ferðamenn auka ekki aðeins tekjur heldur einnig álag á innviði og kalla á aukna þjónustu.
- Við gerum ráð fyrir áframhaldandi fjölgun ferðamanna, en að hægja taki á vextinum. Í grunnsviðsmynd fjölgar ferðamönnum um 11% á næsta ári og 8% árið 2019. Flugframboð er ráðandi þáttur í íslenskri ferðapjónustu og óvissan um þróun þess er mikil.
- Nýting hótélherbergja hefur sigið yfir sumarmánuðina, svo meðaltekjur á herbergi hafa aukist hægar en meðalverð. Talsverð uppbygging liggur fyrir á næstu árum, sem líklega mun duga til að mæta auknum fjölda ferðamanna.
- Ferðapjónustan, sem langstærsta útflutningsgreinin, hefur umtalsverð áhrif á gengi krónunnar. Í alþjóðlegu samhengi er mjög óalgengt að ferðapjónusta sé jafn ráðandi áhrifaþáttur á hagkerfi og gengi gjaldmiðils.
- Sterk króna virðist hafa stýtt dvalartíma, sem birtist meðal annars í því að dregið hefur úr dreifingu ferðamanna um landið. Ferðamenn virðast neyta upplifana hlutfallslega meira en áður hvort sem það sé vegna krónu eða annarrar þróunar. Líkur eru á að áhrif sterkrar krónu á ferðapjónustu eigi enn eftir að koma fram að fullu.
- Rekstur ferðapjónustufyrirtækja stendur almennt vel en breyttar aðstæður með sterkara gengi, hærri launakostnaði og minni vexti leiða til áskorana. Líklegt er að samrunar og aðrar breytingar í ferðapjónustu verði áberandi á næstunni.

# Greiningardeild kynnir nú sérstaka úttekt á ferðapjónustu í fimmta sinn

Smelltu á myndirnar til að skoða fyrri skýrslur



Júní 2013



## Ferðapjónustan

Greiningardeild • greiningardeild@arionbanki.is • arionbanki.is

### Atvinnugrein á unglingsaldri

- Uppgangur ferðapjónustunnar (bls. 3-6)  
Hlutdeild ferðapjónustunnar í útlutningi hefur tvöfalðast á undanföllum árum. Beint framlag greinarinnar til vergrar landsframléiðslu er á við helming framlags sjávarútvegs auk þess sem rúm 5% vinnuafisins starfa í ferðapjónustu. Kemur þetta til af mikilli fjölgun ferðamanna undanfarninn áratug, ekki síst á síðustu tveimur árum.
- Horfur um fjölgun ferðamanna: Spá greiningardeildar 2013-2015 (bls. 7-10)  
Þjóðhagsspá greiningardeildar gerir ráð fyrir því að þjónustuútlutningur verði dráttarkjárinn í myndarlegum vexti heildarútlutnings á komandi árum. Sú sýn helst í hendur við spá okkar um áframhaldandi fjölgun ferðamanna til landsins, en grunnspá okkar gengur út frá því að ferðamenn verði 36% fleiri á árinu 2015 en þeir voru á síðasta ári. Í fráviksspá reynum við að leggja mat á það sem við köllum „eldgosaáhrifin“ á komur erlendra ferðamanna til landsins, en ef þau reynast varanleg gæti ferðamönnum fjölgað um meira en helming á sama tímabili.

# 2013





# Ég veit þú kemur (þó við séum dýr)

Erna Björg Sverrisdóttir  
Greiningardeild Arion banka










Vægi vaxandi fer

Úr hallæri í hetju


# Klassískar klisjur

Ferðamönnum hefur fjölgað, árstíðarsveiflan minnkað og ferðaþjónustunni vaxið fiskur um hrygg



# Hversu margir erlendir ferðamenn sækja landið heim í raun og veru?


Ef miðað er við skilgreininguna að ferðamaður er sá sem gistir á landinu þá var áætlaður raunverulegur fjöldi ferðamanna í fyrra 1,55 milljónir en ekki 1,77 milljónir líkt og opinberar tölur gáfu upp







## Skekkja í talningum breytir ekki stóru myndinni

Eða 38% fjölgun árið 2016 í stað 40% fjölgunar skv. opinberum tölum og 350% fjölgun frá árinu 2010 til ársins 2017 í stað 386% fjölgunar



# Vægi ferðapjónustunnar í þjóðhagsreikningum fer vaxandi


Hlutur ferðapjónustu í vergri landsframleiðslu var ríflega 10% í fyrra – líklega nærri 12% í ár





## 7,4% hagvöxtur í fyrra án ferðapjónustunnar? O sei sei nei

Samkvæmt þessum mælikvörðum hefði hagvöxtur árið 2016 verið nær 4% og landsframleiðslan talsvert lægri en hún er í dag





## Sviðsmynd Greiningardeildar um fjölgun ferðamanna

---


Ferðamannaflóðið eykst hægar en áður




# Ferðamannaspá: Þegar tölfræðin bregst manni, hvað er þá til bragðs að taka?

Hingað til höfum við byggt spá okkar á gögnum og leitni í fortíðinni. Hvað myndu síðustu ár segja okkur? Sterkari króna, fleiri ferðamenn? Bíddu, ha?

Spár um fjölda ferðamanna  
- samanburður við raunþróun, milljónir




Gengi krónunnar og fjöldi erlendra ferðamanna



# Fyrir lítil eyríki skiptir flugframboð höfuðmáli þegar kemur að fjölgun ferðamanna

Árið 2005 flugu 2 flugfélög allan ársins hring til Íslands, veturinn 2017 verða þau 15 talsins. Ef breytingar verða á flugframboði er ljóst að það mun hafa áhrif á komur erlendra ferðamanna til landsins.


Fjöldun heilsársflugfélaga og erlendra ferðamanna







# Grunnsviðsmynd: Reiknum með tæpum 2,5 milljónum ferðamanna á næsta ári

Byggt á gefnum forsendum um þróun flugframboðs næstu árin, **sem umluktar eru mikilli óvissu**



## Bjartsýn sviðsmynd: Þrjár milljónir ferðamanna árið 2019



Ef allt gengur upp hjá innlendum flugfélögum og þau vaxa af álíka krafti og undanfarin ár, samhliða því að erlend flugfélög auka framboð sitt talsvert líkt og síðustu ár, er hægt að teikna upp sviðsmynd þar sem erlendum ferðamönnum heldur áfram að fjölga á miklum hraða.






# Svartsýn sviðsmynd: Flugfélög draga saman seglin og farþegum fækkar

Ef aðstæður þróast á þann veg að flugfélög, bæði erlend og innlend, draga úr flugframboði sínu er ljóst að erlendum ferðamönnum hér á landi mun fækka. Engu að síður er ennþá mikill fjöldi sem sækir landið heim, rúm 1,6 milljón undir lok spátímans.



# Óvissan er mikil, einkum þegar fram í sækir

Flugframboð til landsins setur fjölgun ferðamanna ákveðnar skorður, en aftur á móti eru engin takmörk fyrir því hversu mikið ferðamönnum getur fækkað – vanmat á óvissunni?



- **Helstu áhrifaþættir:**

- Rekstur flugfélaga

- Olíuverð
- Launakostnaður
- Samkeppni

- Aðrir áhrifaþættir:

- Gengi krónunnar
- Efnahagsaðstæður í viðskiptalöndum
- Náttúruhamfarir
- Samkeppni við aðra áfangastaði
- Þolmörkum náð
  - Náttúrunnar
  - Innviða
  - Heimamanna
  - Ferðamanna



## Leikur að tölum: Hvað þýðir grunnsviðsmyndin fyrir íslenska hagkerfið?


---

Fleiri ferðamenn auka ekki aðeins tekjur heldur einnig álag á innviði og kalla á aukna þjónustu í formi gistingar og afþreyingar





# Tekjur af erlendum ferðamönnum aukast áfram en hægir á vextinum

Samkvæmt grunnsviðsmynd okkar má áætla að tekjur af erlendum ferðamönnum á tímabilinu 2017-2020 nemi tæpum 2.400 ma.kr., eða allri landsframleiðslu Íslands í fyrra!






# Sífelld fleiri einstaklingar eru staddir á landinu á hverjum tíma

Á næstu þremur árum er útlit fyrir að árleg fjölgun einstaklinga á landinu verði að meðaltali 8.000



# Polmörk heimamanna: Verður þessi mikli fjöldi landsmönnum ofviða?

Sífelld fleiri landsmenn telja að fjöldi erlendra ferðamanna sé of mikill og að álag á náttúruna af þeirra völdum sé of mikið







# Þolmörk ferðamanna: Neikvæð upplifun, hvort sem er af landi eða þjóð, getur haft áhrif á komur ferðamanna

Allir undirliðir Ferðamannapúlsins hafa sigið að undanförunu, einkum hvort Íslandsferðin hafi verið peninganna virði sem skýrist fyrst og fremst af mikilli styrkingu krónunnar

Ferðamannapúlsinn




Undirþættir Ferðamannapúlsins



# Þolmörk vinnumarkaðar: Áætlum að 7.000 ný störf skapist í ferðaþjónustunni


Á sama tíma fjölgar einstaklingum á vinnufærum aldri um 15 þúsund – með öðrum orðum skapar ferðaþjónustan atvinnutækifæri fyrir tæpan helming þessa hóps

Launþegar í einkennandi atvinnugreinum ferðaþjónustu



## Polmörk innviða: Álag á vegakerfið hefur aukist...

Ef fram fer sem horfir er útlit fyrir að heildarbílaflotinn hafi sjaldan, ef einhvern tíma, stækkað jafn mikið á einu ári







## ... og mun að öllum líkindum halda áfram að aukast

Fyrir hverja 86 ferðamenn hefur bæst við einn nýr bílaleigubíll í umferð, að jafnaði

Sumar: Erlendir ferðamenn og bílaleigubílar




Vetur: Erlendir ferðamenn og bílaleigubílar



## Polmörk innviða: Fleiri rata inn á sjúkrahúsin


Æ fleiri erlendir ferðamenn sækja sér heilbrigðisþjónustu hér á landi, en í hlutfalli við heildarfjölda ferðamanna er breytingin lítil sem engin



Heimild: Svar heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Hönnu Katrínu Friðriksson um heilbrigðisþjónustu veitta erlendum ferðamönnum. Svar heilbrigðisráðherra byggir á svörum frá Landspítala og Sjúkrahúsi Akureyrar ásamt heilbrigðisstofnana hvers heilbrigðisumdæmis. Greiningardeild Arion banka

# Þolmörk innviða: Áætlun um þörf á gistirýmum ef grunnsviðsmyndin gengur eftir

Skráðum gistinóttum á öllum tegundum gistaða fjölgar að meðaltali um 2.000 á dag næstu þrjú ár – ígildi 1.100 nýrra hótélherbergja á ári







## Ört stækkandi hótelfmarkaður

Hröð uppbygging, vaxandi tekjur og góð nýting – sumstaðar



# Höfuðborgarsvæðið og Suðurland, hótél og tjaldsvæði stóðu undir fjölgun skráðra gistingu í fyrra

Alls fjölgaði skráðum gistingu um 21,6% í fyrra




# Hótelin vega þyngst í skráðum gistinguþöttum, þar af er hótelmarkaðurinn í Reykjavík langstærstur


Á öðrum landsvæðum vega aðrar tegundir gistingar þyngra

Fjöldi hótélherbergja eftir landsvæðum í júlí 2017

- fjöldi og aukning frá fyrra ári




Hlutfallsleg skipting skráðra gistinguþátta 2016



## 17% gistinátta á höfuðborgarsvæðinu voru óskráðar á síðasta ári



Hagstofan áætlar að árið 2016 hafi tæplega 3.600 herbergi/íbúðir verið reglulega til leigu í gegnum Airbnb á síðasta ári, þar af um 2.000 á höfuðborgarsvæðinu

Skráðar og óskráðar gistinætur eftir landsvæðum  
- í milljónum og hlutfalli af heildarfjölda gistinátta



# Nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu hefur sigið yfir sumartímann



Nýting á landsbyggðinni hefur haldið betur velli, en hafa ber í huga að á sama tíma hefur verið talsverð framboðs aukning á hótélherbergjum, bæði innan og utan höfuðborgarsvæðisins





## Ferðamaðurinn horfir fram á dýrari og dýrari gistingu


Meðalverð gistingar í Reykjavík hefur hækkað umtalsvert í evrum. Í krónum talið hefur hækkunin aftur á móti verið minni, og lítil sem engin yfir sumarmánuðina.



# Lakari nýting í sumar þýðir að herbergistekjur hafa vaxið hægar en meðalverð

Meðalverð á herbergi (í krónum) yfir háannartímamann hefur hækkað um 2% á milli ára á meðan herbergistekjur hafa aukist um 1%. Hið gagnstæða á við utan háannartímans, enda nýting stórbatnað.


Herbergistekjur (RevPAR) á höfuðborgarsvæðinu  
- þús. kr



# Verulega þrengir að hótélum á höfuðborgarsvæðinu ef ekkert verður fjárfest og þau halda samkeppnisstöðu sinni


Fáar evrópskar borgir, ef einhverjar, skáka Reykjavík þegar kemur að nýtingu hótélherbergja. Verði ekki fjárfest í nýjum hótélum og gistinguóttum á hótélum heldur áfram að fjölga í svipuðu hlutfalli við ferðamenn verða hótél í Reykjavík yfirfull áður en langt um líður.

Hótelnýting í völdum evrópskum borgum  
2016



Meðalnýting hótélherbergja á  
höfuðborgarsvæðinu


- m.v. grunnsviðsmynd og enga fjárfestingu



# Áætlum að 2.700 ný hótélherbergi bætist við hótelflóruna á höfuðborgarsvæðinu á næstu árum

Útlit er fyrir að byggingaráformin dugi til að mæta auknum straumi ferðamanna. Mikil óvissa endurspeglast í miklum tögum síðustu missera og því að stærstur hluti verkefna er enn í þróun.

Áætlun um hótélbyggingar á höfuðborgarsvæðinu  
- fjöldi herbergja







# Krónan og ferðapjónusta: Stormasamt hjónaband


Konráð S. Guðjónsson  
Greiningardeild Arion banka





# Orsakasamhenginu má jafnvel lýsa sem hringekju...

Ferðapjónustan naut góðs af veikri krónu við upphaf vaxtartímans. Nú er sterk króna að kæla ferðapjónustuna.



## ... og er þar að auki flókið

Ekki skrítið þó að margt virðist óljóst... Margt er óljóst!

### Áhrif ferðapjónustu á gengi krónunnar:

- Tekjur af ferðamönnum
  - fjöldi
  - dvalartími
  - neyslumynstur
- Væntingar um þróun í ferðapjónustu
- Erlendar fjárfestingar í ferðapjónustu
- O.s.frv.



### Áhrif gengis krónunnar á ferðapjónustu:

- Tekjur af ferðamönnum
  - fjöldi
  - dvalartími
  - neyslumynstur
- Ferðamynstur innan landsins
- Afkoma fyrirtækja í ferðapjónustu
- O.s.frv.

*Að auki eru áhrifin oft illmælanleg og gerast með mikilli tímatöf*




## Áhrif ferðapjónustu á krónuna

Ferðapjónustan er í bílstjórasætinu sem stærsta útflutningsgreinin



# Vægast sagt fáheyrt að ríki, hvað þá myntsvæði, sé jafn háð ferðapjónustu

Ferðapjónustuútflutningur á hvern Íslending er líklega um sex sinnum meiri en á hvern Spánverja



# Mikið vægi ferðapjónustu á Íslandi gerir það að verkum að hún hefur meiri áhrif á gengi gjaldmiðilsins heldur en annarsstaðar


Án vaxtar í ferðapjónustu gætum við flutt inn miklu minna og/eða værum með stóran viðskiptahalla






# Raungengi krónunnar væri vafalaust lægra án vaxtar í ferðapjónustu

Mikil kaupmáttaraukning í erlendri mynt. Launahækkunarir síðustu ára hefðu gengið illa upp án ferðapjónustu




# Mikill vöxtur ferðapjónustu skerðir samkeppnishæfni annars útflutnings: Sjúkdómseinkenni hollensku veikinnar

Útflutningur ýmisskonar viðskiptapjónustu var undir væntingum okkar á 2. ársfjórðungi, vegna krónunnar?



## Hvað þýða mismunandi sviðsmyndir fyrir krónuna?

Höfum ekki áætlað hér áhrif ferðapjónustu á innflutning og önnur óbein áhrif á viðskiptajöfnuð, en þau eru talsverð. Sviðsmyndirnar gefa þó hugmynd um í hvaða átt hlutirnir gætu þróast.








## Áhrif krónunnar á ferðapjónustu

---

Ferðapjónustan kælir sjálfa sig

# Ísland er einn dýrasti áfangastaður í heimi – ef ekki sá dýrasti



Vitum ekki enn hver endanleg áhrif eru – en þau eru smá saman að birtast





# Sterk króna virðist hafa stýtt dvalartíma ferðamanna og/eða breytt því hvar þeir gista


Nokkur fylgni er milli þróunar raungengis og dvalartíma. **Airbnb skekkir vafalaust myndina.**




# Tölur um gistinætur á hótélum gefa vísbendingu um að þessi þróun hafi haldið áfram í ár

Dvalartími helstu þjóðerna, nema Kínverja, virðist hafa styst í fyrra

Fjölgun gistinátta á hótélum og ferðamanna  
-framlag eftir landshlutum




Skráðar gistinætur á mann eftir þjóðernum  
- og breyting milli ára



# Hlutfallslegur dvalartími á höfuðborgarsvæðinu jókst lítillega í fyrra



Mjög misjafnt eftir markaðssvæðum hvar ferðamenn dvelja

Dvalartími ferðamanna á höfuðborgarsvæðinu í hlutfalli við heildardvöl



# Á landsbyggðinni hefur orðið enn meiri þjöppun á suðvesturhornið

Þvert á markmið um betri dreifingu ferðamanna




# Ferðamenn hafa brugðist við sterkri krónu með breyttu neyslumynstri

Verslun hefur vikið fyrir upplifun – gæti einnig verið vegna aukinna vinsælda ævintýraferðamennsku


Kortavelta á hvern erlendan ferðamanna í maí-júlí 2017

- %-breyting frá fyrra ári, fast gengi



Neyslumynstur erlendra ferðamanna



-hlutfallsleg skipting kortaveltu í janúar-júlí 2012 og 2017





# Þó að sterk króna leiði til þess að hver ferðamaður eyðir færri krónum hefur neysla í heimamynt ferðamanna haldið velli


Flest bendir til þess að það hafi að einhverju leyti tekist að fá betur borgandi ferðamenn til landsins



# Sem fyrr er neysla breytileg eftir þjóðernum



Nær öll þjóðerni hafa verið að auka við neyslu sína, mælt í þeirra eigin mynt

Ferðalög í þjónustuútflutningi á ferðamann og gistinætur  
- í krónum á föstu gengi heimagjaldmiðils ferðamanna




# Breytt tekjusamsetning hefur fylgt fjölgun ferðamanna

Erum háðari Bandaríkjamarkaði en áður og þar með háðari gengi krónu gagnvart Bandaríkjadal – sem hefur breyst einna minnst frá 2013



- Bretland
- Norðurlöndin
- Bandaríkin
- Asía
- Þýskaland
- Önnur Evrópulönd
- Önnur ríki í N- og S-Ameríku
- Annað







## Rekstur ferðþjónustufyrirtækja í krónuhagkerfi

---

Samspil sterkrar krónu og annarra  
breytinga í ferðþjónustu skapar  
áskoranir og tækifæri

# Afkoman hefur verið góð og betri en í öðrum atvinnugreinum


Samhliða því hefur fjárhagsstaða ferðapjónustufyrirtækja batnað






# Ferðapjónustu virðist í heild vera ágætlega í stakk búin til að takast á við erfiðari tíð

Mikil óvissa





# Ferðapjónustufyrirtæki er ekki það sama og ferðapjónustufyrirtæki – sumir hagnast en aðrir tapa á breyttu umhverfi

Mikill fjölbreytileiki innan ferðapjónustu og undirgreina. Mismunandi tegundir gististaða eru gott dæmi.




# Launakostnaður hefur vaxið hraðar en tekjur í ferðaþjónustu

Ein stærsta ástæða þess að afkoma 2016 og 2017 fór/fer að líkindum versnandi





# Skuldir hafa vaxið talsvert

Eðilegt fyrir grein í miklum vexti – skuldavöxturinn í góðum takti við tekjur o.s.frv.



# Skuldsetning í krónum en tekjur viðskiptavinarins eru í erlendri mynt – hvar eru erlendu lánin?


Það er áhætta fólgin í því að skulda mikið í krónum þegar undirliggjandi tekjur eru í erlendri mynt








# Á næstu árum mun reyna enn meira á aðlögunarhæfni ferðapjónustufyrirtækja ef spár okkar rætast

Hægari vöxtur, hærri virðisaukaskattur, enn meiri launahækkanir og áfram sterkt gengi



# Hvar eru sameiningarnar? Úr rekstri gististaða má lesa að þar séu tækifæri

Aukin umsvif í ferðapjónustu hafa fyrst og fremst orðið með fleiri fyrirtækjum – skynsamleg þróun?



## Eru svona fréttir það sem koma skal?

Við teljum líklegt að mörg minni fyrirtæki í ferðapjónustu muni sameinast eða renna inn í stærri félög nú þegar mesti vöxturinn í greininni er að líkindum liðinn. Einnig er ekki útilokað að fleiri ferðapjónustufyrirtæki verði skráð á markað á næstu árum.

Viðskipti | mbl | 28.6.2017 | 10:47

### Extreme Iceland fer í eigu Arctic Adventures

**Iceland Travel stefnir á markað á næstu árum**

**Iceland Travel og Gray Line sameinast**

© 09.08.2017 - 09:05 Innlent · Ferðapjónusta

Innlent

INNLENT 6. desember 2016 16:14

**Sameiningar í ferðapjónustu líklegar**

Í kjölfar styrkingar krónunnar telja ýmsir innan greinarinnar að lítil og skuldsett fyrirtæki geti átt í rekstrarvandæðum.

**Segir „öldu samruna“ líða yfir ferðapjónustuna**

## Tengiliðir

---

Erna Björg Sverrisdóttir  
erna.sverrisdottir@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson  
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

### **Forstöðumaður Greiningardeildar**

Stefán Broddi Guðjónsson  
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

# Fyrirvari

---

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.



**Takk fyrir**